

From: Gísli Halldór Halldórsson

Sent: 5. júlí 2017 15:59

To: 'kristin.j.hjartardottir@for.is' <kristin.j.hjartardottir@for.is>; 'postur@for.is' <postur@for.is>

Cc: 'svanhildurholm@for.is' <svanhildurholm@for.is>; 'pall.asgeir.gudmundsson@for.is' <pall.asgeir.gudmundsson@for.is>; 'Pétur Georg Markan' <petur@sudavik.is>

Subject: Fundur vestfirskra sveitarfélaga með ráðherra - fiskeldismál

Góðan dag.

Í samráði við bæjar- og sveitarstjóra í Vesturbyggð, Bolungarvík, Tálknafirði, Súðavík og Strandabyggð óska ég eftir fundi með forsætisráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Á hluta fundarins teljum við æskilegt að hafa einnig viðstadda forstöðumenn Umhverfisstofnunar, Skipulagsstofnunar, Matvælastofnunar og jafnvel Hafrannsóknarstofnunarinnar. Ef þess er nokkur kostur þá viljum við, forsvarsmenn sveitarfélaganna, gjarnan fá slíkan fund strax í næstu viku.

Tilfni fundarins er fyrst og fremst að kalla eftir því að það verði með öllum ráðum tryggt að afgreiðsla fiskeldisleyfa verði unnin á þeim hraða sem lög og góð stjórnýsla kveða á um, en ekki dregin mánuðum og árum saman. Sveitarfélögin geta að sjálfsögðu ekki gert kröfu um niðurstöðu slíkra afgreiðslna, en í þeim tilfellum sem slíkar afgreiðslur gætu orðið jákvæðar er mikið í húfi - bæði fyrir Vestfirði og Þjóðarhag. Fiskvinnslufyrirtæki, sveitarfélög og stjórnvöld verða að fá vitneskju um fiskeldisáform þannig að hefjast megi handa við undirbúning s.s. fjárfestingar, seiðældi, styrkingu innviða Vestfjarða og skipulags-, byggingamál og þjónustu sveitarfélaga.

Þrátt fyrir að sveitarfélögin geri ekki kröfu um ákveðna niðurstöðu úr afgreiðslu leyfisumsókna þá er ljóst að þau eru áhugasöm um að fiskeldi eigi sér stað á Vestfjörðum. Í dag eru 180 bein störf í kringum fiskeldi á Vestfjörðum og skattsporið nær milljarði. Í áætlunum fiskeldisfyrirtækja er gert ráð fyrir 700-800 beinum störfum – sé miðað við að varfærnislegt burðarþol Hafrannsóknastofnunar verði nýtt. Í verðmætum má reikna með 60 milljörðum í útflutningstekjur.

Vestfirðir eru um margt í fararbroddi umhverfismálum á Íslandi í dag, sem stóriðjulaus fjórðungur þar sem öll sveitarfélögin eru silfurvottuð af umhverfsvottunarsamtökunum EarthCheck. Það er okkur því keppikefli að styrkja stoðirnar með sjálfbærri atvinnugrein á borð við fiskeldi. Laxeldi er líkast til umhverfissvænsti matvælaíðnaður sem til er, sé litið til útblásturs og kolefnisspora. Sjóeldi er nútímaleg matvælaframleiðsla, ábyrgur iðnaður, sem getur vel verið ein af lausnum mannkyns við að fæða fleiri munna í sátt við umhverfi og framtíð. Fjöldi þjóða hefur lært af mistökum liðinna áratuga í laxeldi og frændur okkar Færeyingar kannski mest. Af þessum þjóðum eigum við að læra og ekki sætta okkur við minna en bestu fánlegu þekkingu.

Vissulega mun þurfa samstillt átak fiskeldisfyrirtækja, ríkisins og sveitarfélaga í uppbyggingu innviða og atvinnugreinarinnar. Fyrsta mál á dagskrá er hinsvegar að leyfisumsóknir séu unnar af fagmennsku, eins hratt og lög leyfa.

Afrit sent formanni Fjórðungssambands Vestfirðinga, sem er í leyfi þessa vikuna en hefði annars sent þessa beiðni fyrir okkar hönd.

Gísli H. Halldórsson

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8000, Fax: 450 8008, Netfang: gisli@isafjordur.is - Vefur: www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri – auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.

